

Skólaráðsfundur 4. maí 2015

Fundinn sátu: Guðrún Sighvatsdóttir, Þ. Sandra Magnúsdóttir, Lydía Ósk Jónasdóttir, Inga Lára Sigurðardóttir, Óskar Björnsson og Hallfríður Sverrisdóttir sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Skólaráð. Rætt um að á aðalfundi foreldrafélagsins sem verður í vor og verður væntanlega fulltrúafundur (tengiliðir), verði kosið nýtt skólaráð.
2. Skóladagatal 2015-2016 var lagt fram til kynningar og athugasemda. Athugasemdum skal skila á næsta fundi. Athygli er vakin á því að helstu viðburðir í skólastarfi næsta skólaárs eru settir inn á dagatalið og eiga væntanlega einhverjir eftir að bætast við. Rætt um að æskilegt væri að setja árshátíðir inn á skóladagatalið. Vinaliðahátíð, sem er sameiginleg í öllum skólunum í Skagafirði er sett inn á dagatalið fyrir og eftir áramót.
3. Önnur mál.
 - Rætt um að stóran sandkassa vanti tilfinnanlega á skólalóðina. Af skólans hálfu er margbúið að biðja um að fá sandkassann sem er við Barnaskólahús fluttan upp eftir, en það hefur ekki komist í framkvæmd ennþá. Ekki er vitað hvað því veldur. Haldið verður áfram að ýta á eftir þeirri framkvæmd.
 - Ítrekað af hálfu skólaráðs að fá rörahlið við rútustæði til að varna því að börnin hlaupi út á götu. Þetta er mikið öryggisatriði. Skólastjóra falið að hafa samband við eignasjóð til að fá þetta gert.
 - Rætt um að fá rampa fyrir hjólabretti á skólalóðina sem fyrst.

Næsti fundur er fyrirhugaður 21. maí 2015.